



Traustar eignir – mikil áhættudreifing

Erfiðleikar á verðbréfamarkaði

Eftir nokkur hagstæð ár á verðbréfamörkuðum voru aðstæður erfiðar á árinu 2007. Árið byrjaði að vísu vel, en á seinni hluta ársins varð talsverð lækkun á markaðsverði hlutabréfa. Á árinu 2007 var nafnávöxtun hjá LSR 5,1%. Tekjur af fjárfestingum á árinu voru rúmlega 15 milljarðar króna. Hrein raunávöxtun, þ.e. þegar tekið hefur verið tillit til verðbólgu og rekstrarkostnaður dreginn frá fjárfestingartekjum, var neikvæð um 0,8%.

Í eignasöfnum, þar sem fjármunum er dreift á skuldabréf og hlutabréf og einnig á innlend bréf

og erlend bréf, má reikna með sveiflum í ávöxtun milli ára. Meginatriðið er að byggja upp safn af traustum eignum og vera með góða áhættudreifingu. Þegar horft er til lengri tíma þá hefur ávöxtun hjá LSR verið góð. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu fimm ár er 8,7% og síðustu 10 ár 5,7%. Rúmlega helmingur eigna sjóðsins er í innlendum skuldabréfum, m.a. í sjóðfélagalánum og skuldabréfum sem keypt hafa verið af Íbúðalánasjóði. Tæplega þriðjungur eigna er í erlendum verðbréfum, mest í erlendum hlutabréfum eða hlutabréfasjóðum. Þá er, u.þ.b. 16% eigna sjóðsins í innlendum hlutabréfum.

Aukin þjónusta á sjóðfélagavef LSR

Í maímánuði verður rafræn þjónusta við sjóðfélaga aukin. Þá bætast við reiknivélar á Sjóðfélagavef LSR sem er þjónustuvefur á heimasíðu sjóðsins. Vefurinn er opinn öllum sem hafa greitt iðgjald til LSR eða LH en við innskráningu þarf virkt notendanafn og lykilorð.

Til þessa hefur aðeins verið hægt að sækja upplýsingar um iðgjaldagreiðslur en nú verður þjónustan aukin. Reiknivélar, sem sækja upplýsingar í gagnagrunna sjóðsins, sýna nánari upplýsingar

um lífeyrisréttindi og áætla lífeyrisgreiðslur út frá gefnum forsendum.

Þá geta lífeyrisþegar einnig sótt launaseðla sína á sjóðfélagavefinn. Nýir seðlar birtast nokkrum dögum áður en lífeyrisgreiðslur eru inntar af hendi en einnig verður hægt að sækja eldri seðla. Það er auðvelt að sækja um nýtt lykilorð á Sjóðfélagavef LSR.

Hægt er að hringja í síma 510-6100 eða senda netpóst á netfangið: adgangur@lsr.is.

Árlegur kynningar- og samráðsfundur með sjóðfélögum og mökum þeirra var haldinn 13. maí sl. Á fundinum var fjallað um margvísleg hagsmunamál lífeyrisþega LSR og LH og var hann vel sóttur að venju.

Eignir LSR og LH 340 milljarðar

Um síðustu áramót voru samanlagðar eignir Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga (LH) 340 milljarðar króna og höfðu þær aukist um 36 milljarða frá árinu á undan. Eignir LSR voru tæplega 317 milljarðar og eignir LH rúmlega 23 milljarðar.

Eignir lífeyrissjóðanna tveggja hafa aukist mikið á undanförmum árum og er LSR stærsti lífeyrissjóður landsins. Fyrir 10 árum, eða í árslok 1997, voru eignir LSR og LH rúmlega 38 milljarðar. Þær hafa því nífaltast á þessum 10 árum. Mikla eignaukningu má að hluta til rekja til tilkomu A-deildar LSR, að hluta til innborgana ríkissjóðs inn á skuldbindingar við B-deild LSR, en ekki hvað síst til góðrar ávöxtunar á þessu 10 ára tímabili.

Pórey Þórðardóttir

Pórey er forstöðumaður réttindamála LSR og LH og hóf störf hjá sjóðnum í byrjun árs 2001. Áður starfaði hún sem lögmaður og kom að ýmsum málaflokkum en undanfarnin ár hefur hún helgað sig málum sem snúa að lífeyrisréttindum sjóðfélaga í LSR og LH. Pórey kveður réttindamálin vera sér hugleikin en umræðan í þjóðfélaginu um lífeyrissjóðina hefur mikla slagsíðu af fjárfestingum þeirra. Þótt sá þáttur sé afar mikilvægur þá má ekki gleymast fyrir hvað sjóðirnir standa og til hvers og fyrir hverja þeir voru upphaflega stofnaðir. Pórey svarar nokkrum spurningum Fréttarbréfsins um þessi mál hér til hliðar.

Breytt lánaumhverfi

Lífeyrissjóðirnir hafa um alllangt skeið lánað einstaklingum fé gegn veði í fasteignum. Árið 2004 þegar bankar og sparissjóðir fóru að lána einstaklingum íbúðalán á betri kjörum en þeir höfðu áður gert, urðu miklar breytingar á lánaumhverfinu. Velta á lánamarkaði jókst og munstur í lántöku einstaklinga breyttist, þar sem Íbúðalánasjóður var ekki lengur einn ráðandi í lánveitingum á íbúðamarkaði. LSR og LH fóru ekki varhluta af þessum breytingum. Útlán sjóðanna jukust mikið síðla árs 2004 og hafa frá þeim tíma fylgt sveiflum á þessum markaði. Árið 2005 voru nettó útlán sjóðanna 4,7 milljarðar króna en árið 2007 voru nettó útlán komin upp í 7,2 milljarða króna. Lántökumunstrið virðist einnig hafa breyst. Meðalfjárhæð nýrra lána hefur hækkað smám saman og er nú rúmar 6 milljónir króna. Þá hefur þeim fjölgað sem fjármagna fasteignakaup sín í heild með lánum frá lífeyrissjóðunum í stað þess að skipta lántöku við fasteignakaup á milli tveggja eða fleiri lánveitenda. Í þessum breytingum hefur starfsfólk lánadeildar LSR reynt að þjónusta lántakendur sem best og verður það markmiðið áfram að veita lántakendum faglega og góða þjónustu.

Víðtækt og traust tryggingarnet

Viðtal við Póreyju Þórðardóttur, forstöðumann réttindamála

Hvert er hlutverk lífeyrissjóða?

Lífeyrissjóðirnir eins og þeir starfa hér á landi eru skyldubundið tryggingarkerfi. Það má segja að lífeyrissjóðirnir séu ákveðið tryggingarnet fyrir alla starfandi einstaklinga á Íslandi og fjölskyldur þeirra. Sjóðirnir hafa það hlutverk að tryggja eftirlaun og lífeyri til maka og barna við fráfall sjóðfélagsins. Sjóðirnir eru því eins konar eftirlauna- og fjölskyldutryggingarkerfi.

Eru allir lífeyrissjóðir byggðir upp með samþærilegum hætti?

Íslenskir lífeyrissjóðir starfa allir á grundvelli sömu löggjafar þar sem ákveðinn grunnur er skilgreindur um hlutverk þeirra, eftirlit og fleira. Einnig starfa nokkrir sjóðir á grundvelli sérhöggjafar en það á við um LSR og LH. Sjóðirnir eru samtryggingarkerfi en uppbygging þeirra er samt nokkuð ólík og hefur þróunin undanfarnin ár verið að fara úr gegnumstreymiskerfi yfir í sjóðsöfnun. Eldri lífeyriskerfi voru uppbyggð að stórum hluta í gegnumstreymiskerfi en þeim hefur nú flestum verið lokað. Þessi þróun átti sér stað á árinu 1997 hjá LSR og LH en þá var eldra kerfi lokað fyrir nýjum sjóðfélögum og LSR skipt upp í tvær deildir, A-deild og B-deild. Allir nýir sjóðfélagar verða aðilar að A-deild LSR.

Hver er munurinn á A-deild og B-deild?

B-deildin sem og LH byggja að hluta á sjóðsöfnun og að hluta á gegnumstreymi. Greidd eru iðgjöld en þau standa ekki ein undir greiðslum á lífeyri. Kerfið er því fjármagnað að hluta með greiðslum frá launagreiðendum sem bera ábyrgð á þeim lífeyrishækkunum sem verða frá því að taka lífeyris hófst. Ríkissjóður ber auk þess bakábyrgð. A-deildin er ólík að því leyti að hún byggir að fullu á sjóðsöfnun. Iðgjaldgreiðslur standa því alfarið undir lífeyrisgreiðslum úr A-deild.

Hafa heildariðgjaldgreiðsla og ávöxtun áhrif á réttindi í sjóðnum?

Réttindi sjóðfélaga í LH og LSR eru skilgreind í lögum. Þrátt fyrir að A-deildin sé byggð upp með þeim hætti að iðgjaldið eigi að standa undir réttindunum þá eru réttindin þegar skilgreind. Ávöxtun á eignum sjóðsins hefur áhrif með þeim hætti að mótframlag launagreiðanda breytist eftir tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins. Sjóðunum ber að halda sig innan ákveðinna tryggingafræðilegra marka sem skilgreind eru í lögum. Í flestum samtryggingarsjóðum hefur ávöxtunin bein áhrif á réttindi sjóðfélaga og þau aukin eða skert eftir stöðu sjóðanna á hverjum tíma. Hins vegar eru réttindin í LSR ekki tengd við ávöxtunina með þessum hætti. Það er mótframlag launagreiðanda í A-deild sem er breytilegt og endurskoðað árlega til að tryggja að til séu greiðslur til að mæta áunnum réttindum. Mótframlagi launagreiðanda hefur ekki verið breytt

frá stofnun A-deildar og er 11,5 %.

Hvað tryggja sjóðirnir?

Sjóðfélagar ávinna sér eftirlaunaréttindi auk örorkutryggingar komi til tekjutaps vegna sjúkdóms eða slyss. Einnig er maka- og barnalífeyrisréttur við fráfall sjóðfélaga. Í B-deild og LH eru réttindin bundin við áunnin réttindi og fara þau eftir því hversu mörg ár greitt hefur verið og af hvaða starfshlutfalli. Makalífeyrisréttindi í B-deild eru mjög góð þar sem þau eru greidd ævilangt. Í A-deild eru örorkutryggingar sterkar þar sem tryggingaþátturinn felst ekki aðeins í þegar áunnum réttindum heldur getur sjóðfélagi átt rétt til framreiknings á réttindin. Við framreikning er reiknað með þeim réttindum sem sjóðfélagi hefði áunnið sér ef hann hefði greitt iðgjald til 65 ára aldurs. Sama er gert við útreikning á makalífeyri úr A-deild. Sjóðirnir hafa innbyggðar víðtækar fjölskyldutryggingar og því afar mikilvægt fyrir fólk að kynna sér vel réttindi sín í lífeyrissjóðum áður en kemur til töku frjálsra trygginga. Það er afar mismunandi eftir aðstæðum fólks hvort lífeyrissjóðirnir fullnæga tryggingarþörfinni og ef ekki hvað þarf að tryggja betur með kaupum á frekari tryggingum.

Er þörf fyrir séreignarsparnað umfram samtrygginguna?

Séreignarsparnaður hefur ekki innbyggðan sama tryggingaþáttinn og samtryggingarsjóðir. Þeir eru meira eins og skyldusparnaðarkerfi eða hvatning til almenns sparnaðar. Þetta er þó mjög hagkvæmt sparnaðarform þar sem sjóðfélaginn fær kjarasamningsbundið mótframlag frá launagreiðanda. Mótframlagið virkar sem hvatning á einstaklinginn til sparnaðar enda má segja að hann fari á mis við ákveðinn hluta launa sinna ef hann greiðir ekki í séreignarsjóð. Viðbótarlífeyrissparnaður eykur ráðstöfunartekjur sjóðfélaga á efri árum og er eign sjóðfélagsins með þeim hætti að hún skiptist samkvæmt reglum erfðalaga við fráfall sjóðfélagsins.

Mörgum finnst flókið og erfitt að átta sig á réttindum sínum í lífeyrissjóðum. Hvernig er best að fá yfirsýn yfir réttindin?


Við hjá LSR höfum á að skipa sérhæfðu starfsfólki sem þekkir vel til alls er viðkemur lífeyrisréttindum. Því er um að gera að hafa samband við okkur og fá upplýsingar og leiðbeiningar eftir atvikum. Einnig er hægt að nálgast ítarlegar upplýsingar á heimasíðu sjóðsins og á sjóðfélagavef geta sjóðfélagar flett upp réttindum sínum.



Góð langtímaávöxtun

Haukur Hafsteinsson, framkvæmdastjóri LSR

„Við stýringu eigna hjá LSR hefur höfuðáherslan verið lögð á mikla áhættudreifingu, trausta eignasamsetningu og góða ávöxtun þegar til lengri tíma er litið.“ Þetta segir Haukur Hafsteinsson framkvæmdastjóri í stuttu spjalli við tíðindamann fréttabréfsins.



Frá miðju síðasta ári hafa verðbréfamarkaðir verið erfiðir. Fréttir hafa borist af miklum útlánatöpum erlendra banka og annarra fjármálafyrirtækja.


„Við höfum ekki farið varhluta af erfiðleikum á þann hátt að markaðsverð hlutabréfa í eigu sjóðsins hefur lækkað,“ svarar Haukur inntur um þessi mál. „Það geta verið tímabundnar sveiflur. Hins vegar er mikilvægt að gera sér grein fyrir því að lífeyrissjóðurinn hefur ekki fjárfest í undirmáslánum, skuldabréfavafningum eða öðrum fjármálaafurðum sem erlendir fjárfestar hafa tapað hvað mest á. Markaðsverð sumra eigna hefur lækkað, en ekki er um tap að ræða.“

Innlend hlutabréf hafa lækkað mikið undanfarna mánuði en þau höfðu hækkað verulega í verði undanfarin misseri. Inntur um þetta svarar Haukur: „Í árslok 2001 átti lífeyrissjóðurinn 8 milljarða króna í innlendum hlutabréfum. Í árslok 2007 var þessi eign hins vegar 52 milljarðar króna. Hlutabréfaeignin hafði þannig hækkað um 44 milljarða króna. Á þessu sama tímabili voru nettókaup sjóðsins á hlutabréfum 11 milljarðar. Annað er hækkun á markaðsverði bréfanna eftir að þau voru keypt. Lífeyrissjóðurinn átti því talsvert inni fyrir þeim lækkunum sem komið hafa fram að undanfögnu.“



Hrein raunávöxtun LSR var neikvæð á síðasta ári um 0,8%. Ávöxtunin hefur hins vegar verið há undanfarin ár og er meðaltal hreinnar raunávöxtunar hjá sjóðnum undanfarin 5 ár 8,7%. Haukur bendir á að þegar hlutfall hlutabréfa í eignasafni eykst verði að gera ráð fyrir meiri sveiflum milli ára. Hins vegar gefi blandað eignasafn besta ávöxtun þegar horft sé til lengri tíma. „Þá er rétt að geta þess,“ segir Haukur, „að þó svo raunávöxtun hafi verið neikvæð á síðasta ári, þá voru tekjur sjóðsins af fjárfestingum engu að síður rúmlega 15 milljarðar króna. Raunávöxtun reiknast hins vegar neikvæð vegna þess að verðbólga var talsverð á síðasta ári.“

Hrein raunávöxtun LSR var neikvæð á síðasta ári um 0,8%. Ávöxtunin hefur hins vegar verið há undanfarin ár og er meðaltal hreinnar raunávöxtunar hjá sjóðnum undanfarin 5 ár 8,7%. Haukur bendir á að þegar hlutfall hlutabréfa í eignasafni eykst verði að gera ráð fyrir meiri sveiflum milli ára. Hins vegar gefi blandað eignasafn besta ávöxtun þegar horft sé til lengri tíma. „Þá er rétt að geta þess,“ segir Haukur, „að þó svo raunávöxtun hafi verið neikvæð á síðasta ári, þá voru tekjur sjóðsins af fjárfestingum engu að síður rúmlega 15 milljarðar króna. Raunávöxtun reiknast hins vegar neikvæð vegna þess að verðbólga var talsverð á síðasta ári.“



Lífeyrisþegum fjölga og greiðslur hækka

Samanlagður fjöldi lífeyrisþega í öllum deildum LSR og LH á árinu 2007 var 13.620. Heildarfrárhæð lífeyrisgreiðslna nam 17,2 milljörðum króna en þar af voru greiðslur úr B-deild LSR tæp 90% af greiðslum sjóðanna eða 15,4 milljarðar. Lífeyrisþegum fjölgaði í heild um 7,6% á árinu og lífeyrisgreiðslurnar hækkuðu um 14,3%. Meðalfjárhæð lífeyris hækkaði í heild um 6,3%.

Nýjar reiknivélar á sjóðfélagavef LSR

Á heimasíðu LSR, www.lsr.is, hafa bæst við reiknivélar sem aðstoða sjóðfélaga við að áætla væntanlegar lífeyrisgreiðslur á myndrænan og skýran hátt. Hægt verður að komast inn á reiknivélarnar inn af Sjóðfélagavef LSR, sem er lokaður vefur. Þegar komið er inn á Sjóðfélagavefinn eru sóttar upplýsingar í gagnagrunn sjóðsins og forsendur fyrirfram skráðar til þæginda fyrir sjóðfélagann.

Reiknivélin sýnir vel áætlaðar lífeyrisgreiðslur miðað við valdar forsendur, s.s. áunnin réttindi, aldur við töku lífeyris og viðmiðunarlaun. Þægilegt er að sjá tengsl séreignarsparnaðar í Séreign LSR við lífeyri úr A-deild, B-deild eða LH, þar sem niðurstaða reiknivélarinnar sýnir áætlaðan lífeyri úr hverri deild auk heildargreiðslu lífeyris frá LSR. Virkir sjóðfélagar í A-deild, sem eiga eldri réttindi í B-deild, geta einnig séð hver heildarlífeyrir verður frá báðum deildunum. Auðvelt er að breyta forsendum og sjá hvernig

breyting á launum og framlagi í Séreign LSR hefur áhrif á heildarniðurstöðuna.

Nánari leiðbeiningar um notkun reiknivélarinnar eru á heimasíðu LSR.

Það er auðvelt að sækja um nýtt lykilorð á Sjóðfélagavef LSR. Hægt er að hringja í síma 510-6100 eða senda netpóst á adgangur@lsr.is.



Trastur lífeyrissjóður - Þrugg samlygð

Ár	Aldur	LSR-A	LSR-B	Séreign	Samtals
2005	60	0	0	19.024	19.024
2006	61	0	0	19.024	19.024
2007	62	0	0	19.024	19.024
2008	63	0	0	19.024	19.024
2009	64	0	0	19.024	19.024
2010	65	33.309	7.588	19.024	59.929
2011	66	33.309	7.588	19.024	59.929
2012	67	33.309	7.588	19.024	59.929
2013	68	33.309	7.588	19.024	59.929
2014	69	33.309	7.588	19.024	59.929
2015	70	33.309	7.588	19.024	59.929
2016	71	33.309	7.588	19.024	59.929
2017	72	33.309	7.588	19.024	59.929
2018	73	33.309	7.588	19.024	59.929
2019	74	33.309	7.588	19.024	59.929
2020	75	33.309	7.588	19.024	59.929
2021	76	33.309	7.588	19.024	59.929
2022	77	33.309	7.588	19.024	59.929
2023	78	33.309	7.588	19.024	59.929
2024	79	33.309	7.588	19.024	59.929
2025	80	33.309	7.588	19.024	59.929
2026	81	33.309	7.588	19.024	59.929
2027	82	33.309	7.588	19.024	59.929
2028	83	33.309	7.588	19.024	59.929
2029	84	33.309	7.588	19.024	59.929
2030	85	33.309	7.588	19.024	59.929
2031	86	33.309	7.588	19.024	59.929
2032	87	33.309	7.588	19.024	59.929
2033	88	33.309	7.588	19.024	59.929



Gott að vita

Nýlega var opnaður á vegum Landsamtaka lífeyrissjóða nýr fræðsluvefur um lífeyrismál. Vefslóðin er „gottadvida.is“. Á vefnum er að finna mikilvægar spurningar og svör um lífeyrissjóðina og lífeyrisréttindi. Efninu er ætlað að fræða sjóðfélaga um lífeyrisréttindi þeirra og landsmenn almennt um lífeyrismál.

www.lsr.is

Rétt er að vekja einnig athygli á heimasíðu LSR og LH, www.lsr.is. Þar eru ítarlegar upplýsingar um starfsemi sjóðanna og réttindi sjóðfélaga.



Breytingar á réttindum hjá TR

Að undanförunu hafa verið gerðar nokkrar breytingar á reglum Tryggingastofnunar ríkisins um réttindi ellilífeyrisþega og öryrkja. Ein af þeim breytingum sem vert er að vekja athygli á er að frá og með næstu áramótum munu greiðslur viðbótarlífeyrissparnaðar ekki lengur hafa áhrif til skerðingar á tekjutengdum bótum. Frá ársbyrjun 2009 munu greiðslur úr séreignardeild LSR því ekki skerða tekjutengdar bætur frá Tryggingastofnun.

Fréttabréf Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga.
Ábyrgðarmaður: Haukur Hafsteinnsson
Umsjón: Ágústa H. Gísladóttir
Hönnun og umbrot: Tunglið – auglýsingastofa

Lífeyrissjóðir • Bankastræti 7 • Sími: 510 6100
Símatími 9:00–16:00
Afgreiðslutími 9:00–15:30



Hvenær hefst lífeyristaka?

Lífeyristökualdur er mismunandi milli deilda LSR og LH. Hér verður fjallað stuttlega um nokkrar helstu reglur sjóðanna um rétt til töku lífeyris.

A-deild LSR

Sjóðfélagar í A-deild geta hafið töku lífeyris hvenær sem er á aldrinum frá 60 til 70 ára og þurfa ekki að vera hættir störfum þegar taka lífeyris hefst. Upphæð lífeyris reiknast út frá því hvenær sjóðfélagi hefur töku lífeyris. Réttindin eru almennt miðuð við töku lífeyris við 65 ára aldur og lækkar um 6% fyrir hvert ár sem sjóðfélagi fær greiddan lífeyri fyrir. Lífeyririnn eykst hins vegar um 9% fyrir hvert ár sem lífeyristöku er frestað fram yfir 65 ára aldur. Lífeyrir greiðist til æviloka með jöfnum mánaðarlegum greiðslum.

B-deild LSR

Réttur sjóðfélaga í B-deild LSR fylgir annarri af tveimur reglum, almennu reglunni eða 95 ára reglunni. Samkvæmt almennu reglunni á sjóðfélagi, sem lætur af störfum sem veitir rétt til aðildar að sjóðnum, rétt á lífeyri við 65 ára aldur. Ef sjóðfélagi á þess kost að velja 95 ára reglu

getur hann látið af störfum og hafið töku lífeyris fyrir 65 ára aldur, þó aldrei fyrr en hann hefur náð 60 ára aldri.

LH

Réttur sjóðfélaga í LH fylgir sömu reglum og í B-deild LSR, almennu reglunni og 95 ára reglunni. Þann 1. janúar 1997 varð umtalsverð breyting á LH. Samkvæmt eldri reglum áttu sjóðfélagar almennt rétt til töku lífeyris við 60 ára aldur. Nú er hinn almenni lífeyristökualdur 65 ár. Af þessum sökum var sett aðlögunarregla sem veitir sjóðfélögum sem fæddir eru árið 1950 eða fyrr rétt til að hefja töku lífeyris þegar þeir eru 60 til 65 ára að aldri.

Séreign LSR

Sjóðfélagar í Séreign LSR öðlast rétt til útborgunar séreignarlífeyris við 60 ára aldur og við 67 ára aldur getur sjóðfélagi fengið heildareign sína greidda. Unnt er að dreifa greiðslunum jafnt á þau ár sem rétthafa vantar upp á 67 ára aldur eða fá mánaðarlega útborgun tiltekinnar krónutölu sem rúmast þó innan útborgunarréttar. Eftir 67 ára aldur er heildarinneignin laus til útborgunar.

Kynningarfundir um lífeyrismál 26. og 27. maí

Nú í lok maí heldur LSR kynningarfundir fyrir virka sjóðfélaga á öllum aldri sem vilja fræðast um lífeyrismál; um uppbyggingu réttindakerfisins, iðgjaldaskil, lífeyristökualdur og áætlaðar lífeyrisgreiðslur.

Hægt er að velja milli tveggja dagsetninga: mánudaginn 26. maí og þriðjudaginn 27. maí en fundir hefjast kl. 17:30 báða dagana og þeim lýk-

ur ekki seinna en kl. 19:00. Nauðsynlegt er að skrá sig fyrir 22. maí m.þ.a. hringja í 510-6100 eða senda tölvupóst á netfangið lsr@lsr.is og tilgreina nafn, kennitölu og val á dagsetningu. Hægt er að senda spurningar sem óskað er eftir að verði svarað á fundinum.

Fundirnir verða haldnir á Hilton Reykjavík við Suðurlandsbraut.